
Rafgagnahópur

<i>Dagsetning fundar</i>	<i>20. nóvember 2013</i>
<i>Staðsetning</i>	<i>Bókasafn Menntavísindasviðs</i>
<i>Efni</i>	<i>8. fundur rafgagnahóps</i>
<i>Mætt</i>	<i>Anna Sveinsdóttir, Hildur Gunnlaugsdóttir, Kristína Benedikz, Sigrún Hauksdóttir, Telma Rós Sigfúsdóttir; Þóra Gylfadóttir, Margrét Ásgeirsdóttir og Birgir Björnsson</i>
<i>Fundarritari</i>	<i>Sigrún Hauksdóttir</i>

Dagskrá:

- Fundargerð seinasta fundar
- Nýjar fréttir frá viðræðum við rafbókabjódendur – Ebsco og Ebrary – Birgir
- Einn leitarflipi í prófunarumhverfi
- Heiti á niðurstöðufliþum - hvernig finnst ykkur
- Verkefnalisti
- Önnur mál
 - Tölfræði

Fundargerð

Fundgerð 7. fundar var samþykkt.

Nýjar fréttir frá viðræðum við rafbókabjódendur – Ebsco og Ebrary

Birgir sagði frá stöðu mála. Rýnihópurinn hefur lokið störfum. Hver og einn fulltrúi í hópnum skilaði sér skýrslu um pakkanna og hvernig efni þeirra hentaði þeirra notendum. Niðurstöðurnar voru kynntar á stjórnarfundi landsaðgangs 8. nóvember síðastliðinn. Ákvörðun var frestað til næsta fundar stjórnar.

Einn leitarflipi í prófunarumhverfi

Ákveðið var að skoða vel kosti og galla á því að vera með einn leitarflipa. Telma sýndi uppsetningu í prófunarumhverfi leitar.is <http://primotest.lb.is>

View LBSHLV – 1 flipi og 3 scope

1. Lbs-Hbs: Eintök LBSHL
2. Allt efni: ICE scope¹+ PCI
3. Ebsco: Ebsco Adaptor

Slóð:

http://primotest.lb.is/primo_library/libweb/action/search.do?dscnt=1&fromLogin=true&scp.scps=scope%3A%28ICE%29&dstmp=1384860232062&vid=LBSHLV&fromLogin=true

¹ ICE scope: Öll gagnasöfn (Gegnir, Skemman, timarit.is, Hirslan, Elib, Ljósmyndasafn Reykjavíkur) og eintök allra safna í Gegni.

View VIBHHV – 1 flipi og 2 scope

1. Háskólinn á Bifröst: eintök VIBHH + Electronic_open
2. Allt efni: ICE scope + PCI + Ebsco

Slóð:

http://primotest.lb.is/primo_library/libweb/action/search.do?dscnt=1&fromLogin=true&scp.scps=scope%3A%28ICE%29&dstmp=1384860232062&vid=VIBHHV&fromLogin=true

View HREHHV – 1 flipi og 1 scope

Ekki hægt að velja scope en leitað er í: ICE scope + PCI + Ebsco

Slóð:

http://primotest.lb.is/primo_library/libweb/action/search.do?dscnt=1&fromLogin=true&scp.scps=scope%3A%28ICE%29&dstmp=1384860232062&vid=HREHHV&fromLogin=true

Heiti á niðurstöðuflipum

Fyrir fundinn hafði heiti „hvar.is“ flipans verið breytt í „annað“ í prófunarumhverfi, <http://primotest.lb.is>. Við skoðun þótti þetta heiti lélegt og var ákveðið að prófa „önnur þjónusta“. Til áréttingar hafa eftirfarandi tillögur komið fram:

- Meira
- Fleira
- Aðrar þjónustur
- Annað
- Skoða rafrænt og/eða?
- Hitt og þetta

Ákveðið var að breyta hvar.is í prófunarumhverfi, <http://primotest.lb.is> í „Önnur þjónusta“ og á ensku í „Other services“.

Aðrar breytingar í SFX glugganum voru gerðar fyrir fundinn:

- „Upplýsingar um aðgang“ í stað „Heildartexti“
- „Sjá“ í stað „Heildartexti hjá“
- „Tímabil:“ í stað „Aðgengilegt frá“

Tímarit: Aesthetic plastic surgery [0364-216X]

Upplýsingar um aðgang

▶ **Sjá** Springer Complete Collection

Ár: Árgangur: Hefti: Byrjar á síðu: **Go**

Tímabil: 1997 árgangur: 22

▶ **Sjá** ProQuest Central New Platform

Ár: Árgangur: Hefti: Byrjar á síðu: **Go**

Tímabil: 2002
Síðustu 1 ár ekki aðgengilegt

Virkjun og gagnahleðslur – framhald

Þessum lið var frestað vegna þess að það var ákveðið að prófa einn leitarflipa í prófunarumhverfi. Á meðan að ákvörðun um einn eða fleiri leitarflipa hefur ekki verið tekinn er óeðlilegt að skoða meðhöndlun lýsigagna.

Verkefnalisti

Útbúa þarf verkefnalista / áætlun vegna vinnu og prófanna fyrir einn leitarflipa.

Önnur mál

Oria.no – Primo uppsetning háskólana í Noregi (bibsyst)

Á seinasta fundi skoðuðum við Primo uppsetningu BIBSYS www.Oria.no en þar er www.timarit.is og fleiri opin gagnasöfn virkjuð í Primo Central Index. Þá var ákveðið að fá úr því skorið hjá upplýsingatæknihópi Landsbókasafns hvernig færslurnar frá timarit.is eru gerðar aðgengilegar í opnum aðgangi / Primo Central Index. Staðfest var að einungis þær greinar í timarit.is sem eru auðgaðar með efniorðum úr Gegni eru gerðar aðgengilegar á OAI þjóni Landsbókasafns.

Gagnasöfn í opnum aðgangi:

Við ræddum hvort og hvaða efni í opnum aðgangi væri hugsanlega gott að virkja í Primo Central Index. Fundarfólki fannst eðlilegast að fara hægt í sakirnar og að það væri hlutverk www.leitir.is að halda utan um íslenskt efni, Gegni og efni í áskrift. Þó kom fram að gott væri að skoða virkjun á fræðilegu efni frá Norðurlöndunum þar sem efni í áskrift er yfirgnæfandi á ensku.

Birgir benti á að landsaðgangur hefði virkjað DOAJ en það er gæðastýrt gagnasafn í opnum aðgangi. Umsjón með gagnasafninu er í Svíþjóð.

Áhugaverð Primo söfn:

Hérna er slóð fyrir áhugaverð Primo söfn: http://www.landskerfi.is/skjol/rafgagnahopur/primo_sofn.pdf, þ.e.a.s. slóðin er á <http://lb.is> undir Faghópar.

Næsti fundur verður haldinn á bókasafni Háskólans í Reykjavík miðvikudaginn 11. desember kl. 13:30.